

Fimmtudaginn 19. júní 1997.

Nr. 257/1997. **Lögreglustjórinn í Reykjavík**
gegn**Páli Guðfinni Gústafssyni**

(Pórunn Guðmundsdóttir hrl.)

Kærumál. Gæsluvarðhald, a-liður 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991.
Aðfinnslur.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 13. júní 1997, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 16. sama mánaðar. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júní 1997, þar sem varnaraðila var gert að sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. júlí 1997. Kæruheimild er í 1. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála. Varnaraðili krefst þess aðallega, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi, en til vara, að gæsluvarðhaldi verði markaður skemmri tími. Hann krefst einnig kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst staðfestingar úrskurðar héraðsdóms.

Fallist verður á með héraðsdómi, að fullnægt sé skilyrðum a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 til gæsluvarðhalds yfir varnaraðila. Verður hinn kærði úrskurður því staðfestur með vísan til forsendna hans.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur.

Það athugast, að varnaraðili var leiddur fyrir dómara kl. 17.00 13. júní sl. Af gögnum málsins verður ekki séð, hvenær dags 12. júní sl. varnaraðili var handtekinn, en verjandi hans hefur borið í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti, að það hafi verið um kl. 16.00. Samkvæmt þessu voru liðnar 25 klukkustundir, frá því að varnaraðili var handtekinn og þar til hann var leiddur fyrir dómara. Þessi framkvæmd er andstæð 3. mgr. 67. gr. stjórnarskrárinnar, sbr. 5. gr. stjórnskipunarлага nr. 97/1995.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er staðfestur.

Úrskurður Héraðsdóms Reykjavíkur 13. júní 1997.

Ár 1997, föstudaginn 13. júní, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð er í Dómhúsinu við Lækjartorg af Arnfríði Einarsdóttur dómara fulltrúa, kveðinn upp úrskurður þessi.

Lögreglustjórinn í Reykjavík hefur gert kröfu þess efnis, að Páli Guðfinni Gústafssyni, kt. 190256-5109, Þórufelli 18, Reykjavík, verði gert að sæta gæsluvarðhaldi til föstudagsins 4. júlí 1997 kl. 16.00 vegna grunar um brot gegn 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 16/1986 um ávana- og fíkniefni.

Með hliðsjón af framangreindu og gögnum málsins þykir kærði undir rökstuddum grun um að hafa framið brot þau, sem hann er sakaður um, en kærði játaði fíkniefnasölu við fyrirtöku málsins hér fyrir dóminum í dag. Ætluð brot geta varðað kærða fangelsi.

Rannsókn málsins er enn á frumstigi. Eftir er að yfirheyra grunaða frekar, enda gætir ósamræmis í framburði þeirra, auk þess sem enn er eftir að yfirheyra aðra, sem upplýsingar geta veitt. Hætta þykir á, að kærði geti torveldað rannsókn málsins, fari hann frjáls ferða sinna. Þegar framanritað er virt og með vísan til a-liðar 1. mgr. 103. gr. laga nr. 19/1991 ber að taka kröfu lögreglustjórans í Reykjavík um gæsluvarðhald yfir kærða til greina, eins og hún er fram sett.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Kærði, Páll Guðfinnur Gústafsson, skal sæta gæsluvarðhaldi allt til föstudagsins 4. júlí 1997 kl. 16.00.